

**Umsögn um textadrög þverpólítískrar nefndar sem  
vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um:**

**„skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um  
skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um  
aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.“**



Ferðaklúbburinn 4x4 sér ekki að gera þurfi efnislegar athugasemdir við þennan texta sem nú er til umsagnar.

**Þó viljum við koma eftirfarandi á framfæri:**

Varðandi verndarflokkunina þá skiljum við textann þannig að gert sé ráð fyrir svipuðu verndarstigi á hverju svæði, eins og er fyrir tilkomu miðhálandisþjóðgarðs. Við sjáum ekki að við munum styðja við það ef hækkun yrði á verndarstigi svæða með tilkomu þjóðgarðsins nema það yrði rökstutt sérstaklega fyrir tiltekin afmörkuð svæði.

Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar hugmyndum um að í kaflanum „Stig 3 – þjónustustaðir á hálandinu“ að gert sé ráð fyrir að útivistarfélög geti tekið að sér að sjá um ákveðin tiltekin svæði, til dæmis nærri stöðum þar sem Ferðaklúbburinn 4x4 er með skála. Á því svæði hefur Ferðaklúbburinn 4x4 hugsað mjög vel um svæðið og myndi slíkt verða vítamínsprauta fyrir útivistarfélög til að taka svæði að sér og hugsa um þau sem hluta af þjóðgarði. Jafnframt leggjum við áherslu á að fjallaskálar á vegum félagasamtaka og/eða einkaaðila, geti verið víða og að þeir verði jafndreifðir um miðhálandið gagnert til að auka öryggi fyrir ferðafólk um þjóðgarðinn allt árið um kring. Að auki má nefna að góðir fjallaskálar hafa mikið þjónustugildi fyrir þá er ferðast um miðhálandi Íslands

Almennt viljum við vekja athygli á því að stuðningur Ferðaklúbbsins 4x4 við stofnun Miðhálandisþjóðgarðs liggur í viljayfirlýsingu sem gerð var sameiginlega með fleiri aðilum undir merkjum „Hjarta hálandisins“. Sú viljayfirlýsing byggir á ákveðnum forsendum sem þar koma fram.

En þó ber að hafa í huga að til að Ferðaklúbburinn 4x4 geti samþykkt stofnum nýs þjóðgarðar eða stækkun mun alfarið byggjast á því að Vatnajökulsþjóðgarður sýni í verki að þar sé hægt að leiða til lykta á farsælan hátt tilmæli umhverfisráðherra frá árinu 2013 um efnislega endurskoðun á umferð í Vonarskarði með tilliti til sáttar.

Við bendum á vanmátt Vatnajökulspjódgarðs til að takast á við það verkefni og er það í raun ámælisvert hvernig framgangi þeirra var sem þar réðu allt frá árin 2013 til 2018. Einnig má benda á vítaverð vinnubrögð Svæðisráðs vestursvæðis VJP á þessu ári sem eru látin óátalin af ráðamönnum og nú síðast afgreiðsla stjórnar þjóðgarðsins þar sem á að fresta málinu enn frekar. Fyrir okkur er þetta skýr vísbending um að stofnun Miðhálandisþjóðgarðs er ekki tímabær og að glórulítið er að halda áfram með þetta verkefni að svo stöddu.



Til þess að sátt náist um stofnun nýs þjóðgarðar eða stækkun Vatnajökulspjódgarðs þarf fyrst að lagfæra þann lýðræðishallann sem hefur verið í Vatnajökulspjódgarði og einnig að sýna í verki að hægt sé að greiða þar úr aðgangsstjórnun og náttúruvernd á sómasamlegan hátt. Síðan þarf að tryggja að sporin þaðan sem hræða svo mikið verði alls ekki endurtekin í Miðhálandisþjóðgarði.

#### **Virðingarfyllt fyrir hönd Ferðaklúbbsins 4x4**

*Sveinbjörn Halldórsson*  
*Formaður Ferðaklúbbsins 4x4*